



Reykjavík, 29. september 2017

Dómsmálaráðuneytið
Bryndís Helgadóttir
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Ráðuneytið fól undirrituðum að reikna kostnaðarauka vegna frumvarps til nýrra skaðabótalaga, sem nefnd undir forystu Eiríks Jónssonar prófessors hefur samið. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýjum stuðlum í 6. grein núverandi laga sem og hækkun á lágmarks- og hámarkslaunum, sbr. bréf undirritaðs frá 10. maí 2017 til Eiríks Jónssonar.

Það var leitað til tryggingafélaga og stofnana sem greiða bætur samkvæmt skaðabótalögum og óskað eftir upplýsingum um öll tjón, sem voru gerð upp á árinu 2016 samkvæmt skaðabótalögum frá 1999. Upplýsingar bárust frá 4 tryggingafélögum en ekki öðrum aðilum. Þetta voru samtals 1.544 tjón, 1.371 vegna ökutækjatjóna og 173 vegna annarra tjóna. Það er talið að þetta sé dæmigert úrtak fyrir tjón á einu ári.

Útreikningurinn fólst í því að endurreikna örorkubætur í samræmi við nýja stuðla og viðmiðunarlaun sem og vaxta- og lögmanskostnað. Annar kostnaður, svo sem miski, var ekki endurreiknaður. Vaxtakostnaðurinn var endurmetinn hlutfallslega út frá hækkun bóta og lögmanskostnaðurinn var reiknaður út frá þóknunartöflu ótilgreindrar lögfræðistofu. Lögmanskostnaðurinn fer almennt eftir bótafjárhæðum og hækkar með hærri bótum, þó ekki hlutfallslega.

Tjónin í úrtakinu eru misgömul og liðu allt upp undir 12 ár frá tjóni til uppgjörsdags á árinu 2016. Lágmarks- og hámarkslaunin eru háð vísitölu, núverandi lög miða við lánskjaravísitölu (núna verðlag) en frumvarpið gerir ráð fyrir launavísitölu. Breyting á bótum einstakra sambærilegra tjóna er því háð verðlagi á stöðugleikapunkti því að vísitölurnar hafa þróast á mismunandi hátt. Því var kostnaðurinn reiknaður annars vegar beint út frá úrtakinu og hins vegar út frá vísitölum á miðju ári 2016. Viðmiðunarlaun á stöðugleika voru uppreiknuð með launavísitölu til miðs árs 2016 og lágmarks- og hámarkslaun voru annars vegar miðuð við verðlag og hins vegar launavísitölu á miðju ári 2016. Þessi síðari útreikningur er talinn endurspegla vænta hækkun á tjónum ársins.

Niðurstöður útreikningsins er að finna í eftirfarandi 4 töflum. Fyrst eru 2 töflur, annars vegar vegna ökutækjatjóna og hins vegar annarra tjóna, þar sem kostnaðurinn er reiknaður beint út frá úrtakinu og síðan 2 töflur þar búið að færa launin til launavísitölu á miðju ári 2016.

Niðurstöður beint frá úrtakinu (fjárhæðir í mkr.):

| Ökutæki | Örorku% | Fjöldi | Örorka skbl | Samtals skbl | Örorka frumv | Samtals frumv | Hækkun örorka | Hækkun samtals |
|---------|-----------|--------|-------------|--------------|--------------|---------------|---------------|----------------|
| | 0% | 235 | 0,0 | 238,0 | 0,0 | 233,9 | 0,0% | -1,7% |
| | 1 - 5% | 457 | 1.107,4 | 1.715,7 | 1.416,9 | 2.066,5 | 27,9% | 20,4% |
| | 6 - 10% | 452 | 2.292,1 | 3.217,6 | 2.928,3 | 3.945,2 | 27,8% | 22,6% |
| | 11 - 15% | 151 | 1.156,6 | 1.630,8 | 1.475,9 | 1.990,7 | 27,6% | 22,1% |
| | 16 - 20% | 31 | 366,4 | 517,0 | 480,1 | 646,7 | 31,0% | 25,1% |
| | 21 - 50% | 39 | 603,9 | 806,7 | 765,8 | 987,7 | 26,8% | 22,4% |
| | 51 - 100% | 6 | 87,2 | 112,5 | 94,7 | 122,2 | 8,6% | 8,6% |
| | Samtals | 1.371 | 5.613,5 | 8.238,3 | 7.161,7 | 9.992,8 | 27,6% | 21,3% |

| Önnur tjón | Örorku% | Fjöldi | Örorka skbl | Samtals skbl | Örorka frumv | Samtals frumv | Hækkun örorka | Hækkun samtals |
|---------------|-----------|--------|----------------|-----------------|-----------------|------------------|------------------|-------------------|
| | 0% | 25 | 0,0 | 21,0 | 0,0 | 20,4 | 0,0% | -3,2% |
| | 1 - 5% | 40 | 100,7 | 141,6 | 126,6 | 170,8 | 25,7% | 20,6% |
| | 6 - 10% | 49 | 278,1 | 368,2 | 350,8 | 442,1 | 26,2% | 20,1% |
| | 11 - 15% | 20 | 211,8 | 274,9 | 271,4 | 341,8 | 28,1% | 24,3% |
| | 16 - 20% | 16 | 219,1 | 256,5 | 260,6 | 305,7 | 18,9% | 19,2% |
| | 21 - 50% | 15 | 294,3 | 334,5 | 371,0 | 414,9 | 26,1% | 24,1% |
| | 51 - 100% | 8 | 402,6 | 404,1 | 552,1 | 554,0 | 37,1% | 37,1% |
| | Samtals | 173 | 1.506,6 | 1.800,9 | 1.932,6 | 2.249,8 | 28,3% | 24,9% |

Niðurstöður þar sem búið er að færa viðmiðunarlaun til launavísitölu miðs árs 2016 (fjárhæðir í mkr.):

| Ökutæki | Örorku% | Fjöldi | Örorka skbl | Samtals skbl | Örorka frumv | Samtals frumv | Hækkun örorka | Hækkun samtals |
|---------|-----------|--------|----------------|-----------------|-----------------|------------------|------------------|-------------------|
| | 0% | 235 | 0,0 | 238,0 | 0,0 | 233,9 | 0,0% | -1,7% |
| | 1 - 5% | 457 | 1.291,1 | 1.899,4 | 1.707,8 | 2.382,8 | 32,3% | 25,5% |
| | 6 - 10% | 452 | 2.623,0 | 3.548,6 | 3.467,6 | 4.522,4 | 32,2% | 27,4% |
| | 11 - 15% | 151 | 1.335,9 | 1.810,1 | 1.757,3 | 2.293,6 | 31,5% | 26,7% |
| | 16 - 20% | 31 | 411,4 | 562,0 | 569,7 | 741,8 | 38,5% | 32,0% |
| | 21 - 50% | 39 | 732,9 | 935,8 | 966,5 | 1.199,7 | 31,9% | 28,2% |
| | 51 - 100% | 6 | 100,0 | 125,4 | 108,9 | 137,2 | 8,9% | 9,4% |
| | Samtals | 1.371 | 6.494,4 | 9.119,2 | 8.577,7 | 11.511,4 | 32,1% | 26,2% |

| Önnur tjón | Örorku% | Fjöldi | Örorka skbl | Samtals skbl | Örorka frumv | Samtals frumv | Hækkun örorka | Hækkun samtals |
|---------------|-----------|--------|----------------|-----------------|-----------------|------------------|------------------|-------------------|
| | 0% | 25 | 0,0 | 21,0 | 0,0 | 20,4 | 0,0% | -3,2% |
| | 1 - 5% | 40 | 122,2 | 163,1 | 163,1 | 211,6 | 33,5% | 29,7% |
| | 6 - 10% | 49 | 322,0 | 412,2 | 426,1 | 523,0 | 32,3% | 26,9% |
| | 11 - 15% | 20 | 243,2 | 306,3 | 326,9 | 401,6 | 34,4% | 31,1% |
| | 16 - 20% | 16 | 252,2 | 289,6 | 317,1 | 366,3 | 25,7% | 26,5% |
| | 21 - 50% | 15 | 339,7 | 379,9 | 476,7 | 528,4 | 40,3% | 39,1% |
| | 51 - 100% | 8 | 446,2 | 447,7 | 685,5 | 692,2 | 53,6% | 54,6% |
| | Samtals | 173 | 1.725,5 | 2.019,8 | 2.395,4 | 2.743,5 | 38,8% | 35,8% |

Ráðuneytið bað um að hugsanleg hækkun iðgjalda yrði reiknuð. Ef frumvarpið verður að lögum þá er það mat undirritaðs, byggt á ofangreindum niðurstöðum, að ábyrgðartrygging ökutæka (ef munatjón eru 40% og slysatjón 60% af bótum) gæti hækkað um 16%, slysatrygging ökumanns og eiganda um 26% og engin hækkun á húftryggingu. Það er erfitt að segja til um hækkun annarra trygginga en síðasti dálkurinn gefur einhverja vísbendingu. En hækkunin mun vitaskuld skila sér til váttryggingataka í hærri bótum. En það er tryggingafélaganna, hvers og eins, að ákveða sín iðgjöld og geta aðrir þættir en hér hefur verið fjallað um komið til við þá ákvörðun.

Virðingarfyllst,

Vigfús Ásgeirsson
tryggingastærðfræðingur